

Samþykktir Fossavatnsgöngunnar

1. gr.

Félagið heitir Fossavatnsgangan.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er á Ísafirði.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að eflingu og styrkingu skíðagönguþróttarinnar og afla fjár fyrir Skíðafélag Ísfirðinga. Tilganginum skal náð með því að halda árlegt gönguskíðamót, Fossavatnsgönguna og ýmsa aðra viðburði í tengslum við gönguna. Einnig með aðkomu að uppbyggingu brauta og aðgengi á skíðagöngusvæði Ísafjarðarbæjar.

4. gr.

Allir, sem áhuga hafa á og vilja til að efla og gera veg Fossavatnsgöngunnar sem mestan og efla og styrkja skíðagönguþróttina á Ísafirði með því að stuðla að bættri aðstöðu til almennrar iðkunar og keppni, geta gerst félagar.

5. gr.

Starfstímabil félagsins er frá 1. júní til 31. maí. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. október ár hvert og skal boða til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Allir félagsmenn hafa jafnan atkvæðisrétt og ræður einfaldur meirihluti mættra félagsmanna úrslitum mála.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- 1) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- 2) Skýrsla stjórnar
- 3) Stjórn leggur fram reikninga félagsins
- 4) Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
- 5) Breytingar á samþykktum félagsins
- 6) Ákvörðun árgjalds að tillögu stjórnar
- 7) Kosning stjórnar og skoðunarmanna fyrir næsta starfsár
- 8) Önnur mál

Í fundarboði skal koma fram ef tillögur eru að breytingum á samþykktumverði lagðar fram á fundinum. Félagsmenn geta nálgast tillögur að breytingum að samþykktum hjá stjórn félagsins að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund.

7. gr.

Stjórn skal kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Í stjórn félagsins skulu eiga sæti 5 félagsmenn, formaður og 4 meðstjórnendum, auk þess skulu kosnir 2 varamenn stjórnar. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum. Jafnframt skulu kosnir 2 skoðunarmenn.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi þegar þurfa þykir. Dagleg umsjón félagsins og firmaritun er í höndum formanns stjórnar nema stjórn samþykki annað og skal það þá bókað í fundargerð stjórnar.

8. gr.

Árgjald félagsins skal ákveðið á aðalfundi að tillögu stjórnar. Helsta fjármagn félagsins kemur til af gjaldi þátttakenda í Fossavatnsgöngunni sem og með auglýsingum og styrkjum til félagsins og skal stefnt að því að gangan sé rekin hallalaus ár hvert.

9. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til uppbyggingar Fossavatnsgöngunnar, í eflingu skíðagöngiþróttarinnar með bættri aðstöðu fyrir almenning og keppendur, til að styrkja og efla Skíðafélag Ísfirðinga og annað tengt tilgangi félagsins.

10. gr.

Ákvörðun um slit félags verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta og renna eignir þess til Skíðafélags Ísfirðinga.

Samþykktir þessar voru samþykktar á aðalfundi félagsins og öðlast gildi nú þegar. Samþykktir þessar koma í stað stofnsamþykktar félagsins frá 6. maí 2005.

[Undirritað af öllum stjórnarmönnum og varamönnum]